

Sp.

401. Tillaga til þingsályktunar

[208. mál]

um stórvirkjun á Norðurlandi vestra.

Flm.: Magnús T. Ólafsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að næsta stórvirkjun vatnsafls sem í verður ráðist skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi. Ákvörðun hagkvæmasta virkjunarstaðar og framkvæmdum ber að hraða eftir því sem frekast er unnt.

G r e i n a r g e r ð .

Ljóst er og almennt viðurkennt að ekki má lengi dragast að ákveða, hvar á landinu næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun skuli reist. Mörg rök og þungvæg hntga að því sem felst í þessari tillögu, að sú stórvirkjun sem í verður ráðist næst á eftir Sigölduvirkjun skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi, annaðhvort í Blöndu eða Jökulsám í Skagafirði.

Stórvirkjanir síðustu ára hafa risið á Suðvesturlandi, þar sem hætta er einna mest á jarðhræringum og eldsumbrotum. Varhugavert hlýtur að teljast að auka enn á þá áhættu með því að bæta við orkuveri á sömu slóðum, áður en stórvirkjun er risin í landshluta þar sem slíkur háski er hverfandi lítill.

Tilkoma stórvirkjunar á vestanverðu Norðurlandi mundi ekki aðeins gera allt raforkukerfi landsins öruggara. Hún mundi einnig sjá fyrir raforkuþörf landshlutans til frambúðar og stuðla að stóraukinni hagnýtingu raforku til iðnaðar og húsa-hitunar. Þar að auki væri slíkt staðarval stórvirkjunar heppilegt til orkudreifingar um allt Norðurland, norðurhluta Vesturlands og sér í lagi til Vestfjarða, þar sem virkjunin ætti að flýta stórum fyrir því að lina verði lögð til þess landshluta frá fyrirhugaðri byggðalínu.

Heimamenn hafa sýnt máli þessu mikinn áhuga, og nægir að minna á nýlega samþykkt hreppsnefndar Blönduóshrepps, þar sem skorað er á stjórnarvöld að ráðast í virkjun Blöndu og stefna að því að orkufrekur iðnaður risi í tengslum við þá virkjun.

Enn hefur engin ákvörðun verið tekin um hvar reisa skuli næstu stórvirkjun, og fram hefur komið sú skoðun að hún eigi heima á Þjórsársvæðinu, en virkjun á vestanverðu Norðurlandi skuli bíða síðari tíma, enda þótt formleg ákvörðun um hana yrði tekin fljótlega. Athygli vakti og, að þegar iðnaðarráðherra sagði í svari við fyrirspurn í sameinuðu þingi 11. mars þ. á., að ákvörðun um virkjun á Norðurlandi, sennilega í Blöndu, yrði tekin áður en ákveðið yrði um virkjun Hrauneyjarfoss í Þjórsá, lét hann ósagt hvort að því yrði stefnt að Blönduvirkjun risi á undan Hrauneyjarfossvirkjun.

Því gerir þessi tillaga til þingsályktunar ráð fyrir því að Alþingi taki af öll tvímæli í þessu efni og lýsi þeim vilja sínum að næsta stórvirkjun risi á vestanverðu Norðurlandi.